

99

3. maí

Í reglugerð fyrir skuldaskilasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt eigi sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í lögum þessum, og fari þau þó eigi í bága við nein ákvæði laganna.

26. gr.

Þegar lokið er lánveitingum úr skuldaskilasjóði, skulu eignir sjóðsins renna í stofnsjóð Fiskveiðasjóðs Íslands, jafnóðum og útlán skuldaskilasjóðs afborgast, enda annist Fiskveiðasjóður skrifstofuhald skuldaskilasjóðs frá upphafi, skuldaskilasjóði að kostnaðarlausu.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*

100

3. maí

## L Ö G

um sölu og flutning á kartöflum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að leggja fyrir innflutningsnefnd að takmarka, svo sem frekast þykir fært, og jafnvel fella niður með öllu veitingar leyfa til innflutnings á kartöflum þann tíma árs, sem nægar birgðir eru til í landinu af innlendum, markaðshæfum kartöflum.

Við veitingu innflutningsleyfa á kartöflum skal, eftir því sem við verður komið og fært þykir, taka tillit til þess, hvort umsækjandi hefir verzlað með

innlendar kartöflur og í hve stórum stíl, og mælir það með leyfisveitingu, að **100**  
öðru jöfnu, ef umsækjandi hefir lagt sig fram um sölu á innlendum kartöflum. **3. maí**

**2. gr.**

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fela Búnaðarfélagi Íslands að safna skýrslum í tæka tíð um það kartöflumagn, er framleiðendur óska að selja af ársuppskeru hverri, svo og um það, á hvaða tíma kartöflurnar geta verið tilbúnar til flutnings á markaðsstaði.

Skýlt er þeim mönnum, er Búnaðarfélag Íslands leitar til í þessum efnum, að gefa umbeðnar skýrslur.

**3. gr.**

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða með reglugerð, hvaða skilyrðum innlendar kartöflur skuli fullnægja, til þess að geta talizt markaðshæfar. Svo má og í reglugerð ákveða, að allar kartöflur, sem afgreiddar eru til sölu, nema beint til neytenda sé, skuli merktar upprunamerki, sem sé nafn sýslu og útflutningshafnar eða sveitarfélags, ef flutningur fer fram landveg, á spjald, er fest sé við hvern kartöflupoka.

Landbúnaðarráðherra er enn fremur heimilt að setja með reglugerð hámarksverð á innlendar kartöflur.

**4. gr.**

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 1000.00. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*